

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ses.

Starfsáætlun 2019



Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
1. Forsendur og umgjörð starfseminnar	3
1.1. Samþykktir stofnunarinnar	3
1.2. Stefnumótun	3
1.3. Samstarfssamningar við Byggðastofnun og sveitarfélögin	4
2. Verkefni og áherslur starfsársins	4
2.1. Grunnstarfsemi	4
2.1.1. Starfsmannafundir – starfsdagar	4
2.1.2. Fyrirtækjaheimsóknir og fundir með sveitarfélögum	4
2.1.3. Atvinnuþróunarfélagið út á við	4
2.1.4. Annað	4
2.2. Atvinnu- og byggðapróun	5
2.2.1. styrkja jaðarsvæði	5
2.2.2. auka fjölbreytni og sjálfbærni í atvinnulífi	5
2.3. Atvinnuráðgjöf	6
2.3.1. auka sýnileika og aðgengi atvinnuráðgjafa á öllu svæðinu	6
2.3.2. Styrking innviða fyrirtækja og efling samstarfs innan atvinnulífsins	6
2.4. NýsköpunFélagið vinnur verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum	7
2.4.1. vinna út frá núverandi atvinnulífi	7
2.4.2. nýta vannýtt tækifæri / gæði / auðlindir / mannauð	7
2.5. Búsetuþættir	7
2.5.1. samgöngur / fjarskipti	7
2.5.2. aðgengi að þjónustu á svæðinu	8
2.5.3. félagslegur fjölbreytileiki	8
2.6. Upplýsingaöflun	8
2.6.1. Fá heildaryfirsýn yfir starfsemi á svæðinu	8
2.7. Endurmenntun, samstarf o.fl.	8
2.7.1. ENDURMENNTUN STARFSMANNA	8
2.7.2. Samstarf	8
2.8. Samningsbundin þróunarverkefni	9
2.9. Þjónustuverkefni	9
3. Starfsmannahald og rekstur	9
4. Rekstraráætlun 2019	10

INNGANGUR

Rekstrarformi starfseminnar var á árinu 2018 breytt úr hlutafélagi í sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og er árið 2019 fyrsta starfsár sjálfseignarstofnunarinnar sem tekur við öllum réttinum og skyldum hlutafélagsins. Formbreytingunni er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að efla tengsl sveitarfélaganna og þá sérstaklega kjörinna fulltrúa, við starfseminna í gegnum 19 manna fulltrúaráð sem skipað er 15 kjörnum fulltrúum, 2 fulltrúum samtaka atvinnurekenda og 2 fulltrúum stéttarféлага.

Skilgreindur tilgangur stofnunarinnar er í samþykktum hennar, stefnumótun, en samstarfssamningur við Byggðastofnun og sveitarfélögin á starfssvæðinu eru sá rammi sem um starfseminna er dreginn.

Verkefnin eru flokkuð í níu verkefnaflokka, þ.m.t. það sem skilgreint er sem grunnstarfsemi og felur í sér þann hluta starfseminnar sem felst í því að halda skipulagseiningunni úti, þ.m.t. ýmsir fundir og ráðstefnur sem ekki er unnt að heimfæra á einstök verkefni, almenn hagsmunagæsla og orlof starfsmanna. Verkefnin eru síðan skilgreind í átta verkefnaflokka útfra eðli og þar af eru sex byggðir á þeirri verkefnaflokkun sem skilgreind er í gildandi samningi við Byggðastofnun.

Ljóst er að engin föst viðmið eru til um það hvert umfang starfseminnar þarf að vera svo unnt sé að sinna þeim fjölbættu hlutverkum sem starfseminni eru ætlað. Sá rammi sem því stýrir á hverjum tíma eru þeir fjármunir sem til starfseminnar eru lagðir og þar með sá mannauður sem úr er að spila á hverjum tíma. Markmiðssetningin í þeim verkefnaflokkum sem skilgreindir eru í samstarfssamningnum við Byggðastofnun var sett af stjórn 26. október 2017 og er hún lögð til grundvallar markmiðssetningu fyrir árið 2019. Síðan hafa aðgerðir og árangursmælikvarðar verið skilgreindir af starfsmönnum. Efst í hverjum verkefnaflokki er skilgreining á flokknum eins og hún er í samningi félagsins við Byggðastofnun. .

Starfsáætlun þessi var tekin til afgreiðslu á fundi stjórnar félagsins 12. desember 2018 og samþykkt þar en meðfylgjandi rekstraráætlun var afgreidd á fundi stjórnarinnar 30. október 2018.

1. FORSENDUR OG UMGJÖRÐ STARFSEMINNAR

1.1. SAMÞYKKTIR STOFNUNARINNAR

Í 2. gr. samþykta stofnunarinnar er tilgangur hennar og markmið þannig skilgreind:

Tilgangur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á starfssvæði sínu, sem eru sveitarfélögin Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð, og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnulífi og samfélags- og byggðaþróun.

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði sínu. Að markmiðum sínum skal stofnunin vinna í samstarfi við sveitarfélögin, samtök þeirra, ríkisvaldið og aðra þá aðila sem láta sig þessi markmið varða. Hún skal skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast atvinnurekstri. Þá skal stofnunin vinna að því að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu sem fela í sér hagnýt gildi og eru hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.

1.2. STEFNUMÓTUN

Stefnumótun sem unnin var 2010 skilgreinir tilgang og starfseminna þannig:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AÞ) er aflhvati atvinnulífsins í Þingeyjarsýslu. Félagið starfar á sviði ráðgjafar og nær starfssvæði þess frá Þingeyjarsveit í vestri til Langanesbyggðar í austri. AÞ er hlutafélag og samstarfsvettvangur sveitarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga og hagsmunasamtaka á sviði atvinnu- og byggðamála. Meginhlutverk þess er að veita ráðgjöf og þjónustu sem hefur það meginmarkmið að stuðla að fjölbreyttu, öfluglu og sjálfbæru atvinnulífi á starfssvæðinu og stuðla þannig að jafnvægi á sviði umhverfis, efnahags og samfélags.

Með aflhvata atvinnulífsins er átt við að AÞ er leiðandi og leitast við að efla atvinnulíf á svæðinu með miðlun þekkingar og kortlagningu sóknarfæra sem byggjast á auðlindum og sérstöðu svæðisins. AÞ er mótandi afl í sameiginlegri atvinnuuppbyggingu sveitarfélaganna á starfssvæðinu og hefur frumkvæði að könnun atvinnutækifæra og kynningu á þeim fyrir frumkvöðlum og fjárfestum.

1.3. SAMSTARFSSAMNINGAR VIÐ BYGGÐASTOFNUN OG SVEITARFÉLÖGIN

Þann 23. janúar 2019 var skrifað undir nýja samninga Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin fyrir árin 2019-2022. Í samningunum eru verkefni félaganna skilgreind í eftirfarandi verkefnaflokka:

- a) *Atvinnu- og byggðaþróun*
- b) *Atvinnuráðgjöf*
- c) *Nýsköpun*
- d) *Búsetuþættir*
- e) *Upplýsingaöflun*
- f) *Endurmenntun, samstarf o.fl.*

Í samningunum eru einnig ákvæði þess efnis að félögin skuli ár hvert setja sér markmið með atvinnuráðgjöfinni og fyrir aðra þá verkefnisflokka sem hér að framan eru taldir. Samþætta skal áherslur við forsendur og markmið stefnumótandi byggðaaáætlunar sem sett er af Alþingi og sóknaráætlun landshlutans og samþætta þær áherslur sem þar koma fram á starfssvæði félagsins. Jafnframt skal skilgreina aðgerðir og endurmeta markmið og árangursmælingar fyrir hvert ár og greina frá í starfsáætlun.

Í gildi er fjórhlíða samningur milli félagsins, Byggðastofnunar, Norðurþings og Eyþings undir merkjum byggðaeftirlingaverkefnisins *Brothættar byggðir* sem tekur til Öxarfjarðarhéraðs og gildir út árið 2019. Á grundvelli samningsins starfar sérstakur verkefnastjóri hjá félaginu við eftirfylgni þess. Í framhaldi af formlegum lokum samskonar byggðaeftirlingaverkefnis á Raufarhöfn í árslok 2017 hefur náðst samkomulag við Norðurþing um ráðningu starfsmanns sem sinnir atvinnu- og samfélagsþróun þar og á austurhluta starfssvæðisins allt til Bakkaþingarfjarðar.

2. VERKEFNI OG ÁHERSLUR STARFSÁRSINS

2.1. GRUNNSTARFSEMI

Hér er flokkuð sú starfsemi sem felst í því að halda skipulagseiningunni úti ásamt því sem ekki verður flokkað undir einstaka aðra verkefnaflokka, s.s.:

Viðvarandi verkefni:

- Bókhald, fjárreiður og áætlanagerð.
- Símsvörun og almenn afgreiðsla.
- Ýmsar umsagnir og almenn hagsmunagæsla.
- Fundir og ráðstefnur sem ekki eru beinn hluti skilgreindra verkefna.

MARKMIÐ 2019

2.1.1. STARFSMANNAFUNDIR – STARFSDAGAR

- Sjá til þess að haldnir séu reglulegir starfsmannafundir þar sem er farið yfir verkefni hvers og eins. Einnig að þeir verði nýttir í markmiðayfirferð. Sjá til þess að snertifundir séu alls staðar á svæðinu.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Halda 16-18 starfsmannafundi á ári.
- Hafa einn starfsdag þar sem farið er í hreingerningu og tiltekt.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að einn starfsdagur verði að veruleika.

2.1.2. FYRIRTÆKJAHEIMSÓKNIR OG FUNDIR MEÐ SVEITARFÉLÖGUM

- Fyrirtækjaheimsóknir og fundir með sveitarfélögum.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Fara í fyrirtækjaheimsóknir í Öxarfjörð og á suðursvæðinu.

2.1.3. ATVINNUÞRÓUNARFÉLAGIÐ ÚT Á VIÐ

- Sjá til þess að vefsíðan sé aðgengileg og þar inni þær upplýsingar sem þarf.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að í lok árs 2019 sé komið upp nýtt sniðmát (template). Að upplýsingar varðandi matvælaþróun og möguleika á svæðinu séu komnar inn í lok árs. . Að upptalning á frumkvöðlasetrum sé komin inn í lok árs
- Vera sýnileg á samfélagsmiðlum.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Setja færslu inn einu sinni á dag á Facebook, virka daga. Komast upp í 500 læk.
- Vera sýnileg á Workplace.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Setja inn einu sinni í mánuði. Búa til áætlun niður á starfsmenn.

2.1.4. ANNAÐ

- Verkskráning geri kleift með einföldum hætti að safna þeim upplýsingum sem krafist er í samningi Byggðastofnunar
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að verkskráning verði aðgengileg með appi.

2.2. ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUN

Hér undir falla verkefni sem snúa að stefnumótunarvinnu fyrir svæðið. Oft eru þessi verkefni unnin í samstarfi við aðra aðila, s.s. Byggðastofnun, Þekkingarnet Þingeyinga, Eyþing og sveitarfélögin. Verkefnaflokkurinn er í samningi við Byggðastofnun skilgreindur þannig:

Félagið vinnur í samræmi við stefnu ríkisins, eins og hún kemur fram í ályktun Alþingis um byggðamál og í samræmi við áherslur Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Félagið gerir m.a. úttekt á möguleikum atvinnulífs á svæðinu og hvernig megi nýta þá sem best.

Félagið leitar samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. Félagið miðlar eftir föngum upplýsingum um starfsemi þessara aðila og vinnur að bættum samskiptum þeirra við atvinnulíf á starfssvæðinu.

Félagið tekur þátt í námskeiðahaldi varðandi rekstur fyrirtækja o.þ.h. í samstarfi við Byggðastofnun og aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs og byggðaðróunar.

MARKMIÐ 2019

2.2.1. STYRKJA JAÐARSVÆÐI

- Setja af stað vinnu sem miðar að því að haldið verði áfram með verkefnið Öxarfjörður í sókn líkt og var gert með Raufarhöfn og framtíðina.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að starfsmaður verði ráðinn í áframhaldandi vinnu fyrir lok árs.
- Endurnýja útivistarkort eftir þörfum.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Endurnýja kort nr. 1.
- Viðvera starfsmanna á austursvæði. Auglýsa spjall/viðtalsfundi um leið og starfsmannafundir eru á jaðarsvæðunum
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að tvisvar á árinu hafi íbúum á austursvæðinu staðið til boða að hitta á starfsmenn AP á sínu svæði. Setja upp plan fyrir viðveru starfsmanns á Þórshöfn.
- Halda íbúafund í samstarfi við Heimskautsgerðið og hverfisráð /málþing fyrir austursvæðið. Leggja áherslu á samtalið á milli þeirra sem eru með ferðaþjónustu og landeigenda.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Fundurinn haldinn.
- Vinna við atvinnustefnu Langanesbyggðar.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Atvinnustefna tilbúin í lok árs.
- Efling byggðar við Bakkaflóa, fylgja eftir þeirri vinnu sem samþykkt hefur verið af stjórnvöldum.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Vera komin inn í Brothættar byggðir snemma árs 2019.

2.2.2. AUKA FJÖLBREYTNÍ OG SJÁLFBÆRNI Í ATVINNULÍFI

- Þróun og kynning nýrra atvinnutækifæra, þ.m.t. gagnvart erlendum fjárfestum.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Koma á reglulegu samstarfi við markaðssvið Landsvirkjunar og nýta innviðagreininguna með virkum hætti.
- Allavega ein fjárfestakynning á hverju svæði. Í hvaða formi sem er.
- Námskeið í hóp fjármögnun á Húsavík. Hóp fjármögnun og fjárfestaleiðir. Taka upp og streyma. Þjóða sætaferðir frá jaðarsvæðum.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að námskeið verði haldið
- Samstarf á sviði ferða- og markaðsmála –stuðla að því að ferðamálafulltrúar/samtök á svæðinu séu í samstarfi og samtali.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að samráðsfundir séu haldnir að minnsta kosti tvisvar á árinu.
- Unnið er að því í samstarfi við MN að koma kynningarefni fyrir á www.nordurland.is þannig að svæðið verði þar áfram sýnilegt.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Efni af nordusturland.is flutt (að hluta til) á nordurland.is. Tekin ákvörðun um hvort lénið nordusturland.is verði áfram virkt. Edgeofthearctic.is verði komið í horf í samstarfi við stjórn Norðurhjara.
- Með tilliti til uppbyggingarinnar á Bakka verður sérstaklega hugað að fjölbreytileika atvinnulífs bæði á nær- og fjarsvæði uppbyggingarinnar.
ÁRANGURSMARKMIÐ:
 - Fá lýðfræðiupplýsingar um starfsmenn
 - Samstarf við Skógræktina og PCC um mögulega nytjaskógrækt.
 - AP ýti á að nýtt fyrirtæki komi inn á svæðið sem nýti þá efna og orkustrauma sem til staðar eru.

ÖNNUR VERKEFNI – (MARKMIÐ ANNARRA)

- Sóknaráætlun Norðurlands eystra unnin í samstarfi með Eyþingi, sveitarfélögum og öðrum haghöfum á svæðinu.

ÁRANGURSMARKMIÐ:

- Hafa virka aðkomu að undirbúningi og gerð nýrrar sóknaráætlunar í tíma en núverandi áætlun gildir til ársloka 2019.
- Stuðla að því að sameiginleg atvinnustefna á starfssvæði félagsins verði að veruleika

2.3. ATVINNURÁÐGJÖF

Verkefnaflokkurinn er í samningi við Byggðastofnun skilgreindur þannig:

Félagið veitir ráðgjöf við stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Félagið veitir m.a. upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og styrki, aðstoð annarra aðila og aðstoð við gerð rekstraráætlana. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vörur eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.

Félagið getur tekið þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, en varast þó starfsemi á samkeppnismarkaði.

Veittan tíma í atvinnuráðgjöf skal flokka niður í eftirfarandi flokka á ársgrundvelli;

- i. Iðnaður
- ii. Ferðaþjónusta
- iii. Landbúnaður
- iv. Sjávarútvegur
- v. Menning og listir
- vi. Ríki og sveitarfélög
- vii. Annað

MARKMIÐ 2019

2.3.1. AUKA SÝNILEIKA OG AÐGENGI ATVINNURÁÐGJAFNA Á ÖLLU SVÆÐINU

- Sjá 2.1.1. Starfsmannafundir – starfsdagar
- Sjá 2.1.4. Atvinnuþróunarfélagið út á við
- Sjá 2.1.3. Fyrirtækjaheimsóknir og fundir með sveitarfélögum
- Aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki. fá endurgjöf frá viðskiptavinum og sveitarfélögum. Vita fyrirtæki og fólk af okkur og hvað við gerum?

ÁRANGURSMARKMIÐ: Móta form á þessu í byrjun árs og framkvæma yfir árið.

2.3.2. STYRKING INNVIÐA FYRIRTÆKJA OG EFLING SAMSTARFS INNAN ATVINNULÍFSINS

- Efling Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA). SANA hefur undanfarin ár verið tiltölulega óvirkt og engin nýliðun. Samtökin hafa beina aðkomu að AP og því mikilvægt að samtökin endurspeglu atvinnulífið á svæðinu.

ÁRANGURSMARKMIÐ:

- Vinna með SANA að nýliðun innan samtakanna og eflingu á starfsemi.
- Halda a.m.k. tvo hádegisfundi
- Styrking innviða fyrirtækja. Verkefnið felst í því að hvetja fyrirtæki til að styrkja innviði sína, m.a. með aukinni áherslu á gæða- og öryggismál m.a. til að uppfylla betur opinberar kröfur og einnig til að bæta samkeppnisstöðu sína á sífellt harðnandi markaði. Unnið verður með fyrirtækjum í greiningum, innleiðingum og samstarfsmöguleikar skoðaðir, en markmiðið er ekki síst að auka efnahagslegan ávinning atvinnulífsins á svæðinu af stóriðjuuppbyggingunni á Bakka og þeim áskorunum og tækifærum sem fylgja tilkomu Vaðlaheiðarganga. Þetta verkefni hefur verið keyrt núna í hátt í tvö ár en árið 2019 ætlum við að breyta aðeins til og setja nýjan starfsmann í málin og auglýsa það sérstaklega. ÁRANGURSMARKMIÐ: Að a.m.k. tvö fyrirtæki nýti sér aðstoðina með virkum hætti á árinu.
- GERT – Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Hluti af verkefninu er að fá fyrirtæki með í verkefnið. Hér á svæðinu er unnið að því

að allir skólar taki þátt og fái þannig aðgengi að fjármagni sem nýtist í þágu þessara greina.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að allir skólar á AP svæðinu séu GERT skólar og a.m.k. þrjú fyrirtæki.

2.4. NÝSKÖPUNFÉLAGIÐ VINNUR VERKEFNI Á SVIÐI NÝSKÖPUNAR MEÐ EINSTAKLINGUM OG FYRIRTÆKJUM.

Verkefnaflokkurinn er í samningi við Byggðastofnun skilgreindur þannig:
Félagið vinnur verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.

MARKMIÐ 2019

2.4.1. VINNA ÚT FRÁ NÚVERANDI ATVINNULÍFI

- Sjá 2.2.2. Auka fjölbreytni og sjálfbærni í atvinnulífi. Markmið tengd fjárfestum og uppbyggingu á Bakka.
- Efla vitneskju um kosti vefverslunar. Í dag eru til vefverslanir sem eru með flutningsnet og því mikilvægt að finna ekki upp hjólið heldur nýta það sem til er og byggja ofan á það. Talsvert af fyrirtækjum á svæðinu í matvælaframleiðslu þar sem þetta gæti nýst.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að halda kynningarfund um möguleikana. Að tvö fyrirtæki séu fyrir árslok byrjuð að skoða möguleikana sem felast í vefverslun.
- Nýsköpun í ræktun í Öxarfirði. Mikilvægt að nýta þau landgæði sem eru til staðar á svæðinu en eru vannýtt.
- ÁRANGURSMARKMIÐ: Halda íbúafund og boða landeigendur sérstaklega til að ræða framtíðarmöguleika og áhuga íbúa á möguleikum.
- Bakki og áframhaldandi uppbygging þar. Mikilvægt er að finna leiðir til að vinna úr koltvísýringnum sem fellur til á Bakka frá PCC. Sjá atvinnu- og byggðaþróun
ÁRANGURSMARKMIÐ: Ná virku samtali við PCC og halda hugmyndasamkeppni varðandi nýtingu á koltvísýringnum.

2.4.2. NÝTA VANNÝTT TÆKIFÆRI / GÆÐI / AUÐLINDIR / MANNAUÐ

- Vera aðilar að Atvinnu- og nýsköpunarhelginni í samstarfi við AFE
ÁRANGURSMARKMIÐ: Skýra betur aðkomu AP og laga vefsíðuna.
- Taka saman lista yfir frumkvöðlasetur á heimasíðu í samstarfi við AFE
ÁRANGURSMARKMIÐ: Listi með lýsingum á setrunum kominn inn á heimasíðu í lok júní 2019.
- Aðgengi að vottuðum eldhúsum. Í þróunarvinnu á matvælum er nauðsynlegt að hafa aðgengi að vottuðu eldhúsi og á svæðinu eru að rísa heimavinnsur þar sem eldhúsin standa ónýtt hluta af ári. Auglýsa ætti aðgengi að þessum heimavinnslum ef vilji er fyrir hendi og opna á umræðuna að nýta skólaeldhús á sumrin. Einnig í leiðinni að minna á matarsmiðjuna Þetta rímar vel við áherslur í Byggðaaætlan um nýsköpun í matvælaíðnaði.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Eiga samtali við hagaðila og auglýsa þá staði sem vilji er til að séu auglýstir. Setja á heimasíðu.

2.5. BÚSETUÞÆTTIR

Verkefnaflokkurinn er í samningi við Byggðastofnun skilgreindur þannig:
Félagið vinnur í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu og eflingu búsetuþátta.

MARKMIÐ 2019

2.5.1. SAMGÖNGUR /FJARSKIPTI

- Styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku.
Viðvarandi verkefni sem felst í því að berjast fyrir þriggja fasa rafmagni í sveitum.
- Almenningsamgöngur
Vinna að bættum almenningsamgöngum um svæðið með samnýtingu póst-, lyfja- og fólksflutninga.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Halda áfram samtali við hlutaðeigandi aðila og greina hvar vandamálið liggur. Eiga samtali við Samkeppnisstofnun.
- Útvarpið RÚV- af hverju eru þeir með langlélegasta dreifikerfið á svæðinu?
ÁRANGURSMARKMIÐ: Eiga samtali við RÚV og ýta á þingmenn.
- Neyðarsendingar í gsm- halda áfram að fá greiningu á því af hverju sms sendingar í neyðartilvikum eru ekki að berast öllum. Fá Almannavarnarnefnd Þingeyinga í samstarf um málið.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Ná samtali um þessi málefni.

2.5.2. AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU Á SVÆÐINU

- Verslun í dreifbýli
ÁRANGURSMARKMIÐ: A.m.k. ein verslun fái stuðning úr Byggðaaáætlun (verkefni A.9).
-

2.5.3. FÉLAGSLEGUR FJÖLBREYTILEIKI

- Fjölga umsóknum í menningarhluta Uppbyggingarsjóðsins.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Fjöldi umsókna miðað við síðastliðið ár.
- Kortleggja þekkingu og færni nýbúa á svæðinu í samstarfi við ÞP í gegnum raunfærnimat, Landnemaskólann og vera í samtali við Rauða krossinn.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að kortlagning liggi fyrir í lok árs og verði markvisst viðhaldið.

2.6. UPPLÝSINGAÖFLUN

Verkefnaflokkurinn er í samningi við Byggðastofnun skilgreindur þannig:

Félagið skal hafa góða heildaryfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta. Þessar upplýsingar skulu veittar án endurgjalds.

MARKMIÐ 2019

2.6.1. FÁ HEILDARYFIRSÝN YFIR STARFSEMI Á SVÆÐINU

- Hvaða búsetuþætti viljum við helst efla?
- ÁRANGURSMARKMIÐ: Vera með í íbúakönnun SSV og tengja Þekkingarnet Þingeyinga(ÞP) inn í það samtal.
- Með listanum frá Creditinfo breytist þörfin fyrir atvinnumálakönnunina okkar, t.d. með tilliti til árstíðasveiflu.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Skilgreina tilgang og framkvæmd atvinnumálakönnunar í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Vera með uppfærðan gagnagrunn í árslok 2019.
- Útvíkkun og uppfærsla innviðagreiningar. Skilgreina þörfina í innviðagreiningu og hlutverk hvers þátttakanda. Þátttakendur eru AP, EIMUR, Íslandsstofa og AFE.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Halda áfram að þróa innviðagreininguna og bæta inn. Tengja við fjárfestamarkmiðin að ofan og markaðssetja www.investinicealand.is.
- Vera með í fyrirtækjakönnun SSV í samstarfi við AFE / Eyþing.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Þátttaka í könnuninni og þátttaka fyrirtækja á svæðinu.

2.7. ENDURMENNTUN, SAMSTARF O.FL.

Verkefnaflokkurinn er í samningi við Byggðastofnun skilgreindur þannig:

Félagið leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðaþróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á starfsemi félaganna.

MARKMIÐ 2019

2.7.1. ENDURMENNTUN STARFSMANNA

- Sjá til þess að starfsmenn setji niður óskir um endurmenntun og fylgi því eftir.
ÁRANGURSMARKMIÐ: Að hver starfsmaður ráðstafi um 40 tímum í endurmenntun á árinu.
-

2.7.2. SAMSTARF

- Reglulegir fundir og verkefni unnin saman. Mikilvægt að efla tengslin og nýta þá sérþekkingu sem er á hverjum stað s.s. HNP – AFE – Eyþing – Íslandsstofa- MN- ÞP.
- ÁRANGURSMARKMIÐ: Í árslok vera búin að finna leið til að halda reglubundnu samstarfi við aðrar stoðstofnanir.

2.8. SAMNINGSBUNDIN PRÓUNARVERKEFNI

Undir þennan lið eru flokkuð þróunarverkefni sem skilgreind hafa verið og félagið vinnur að í samstarfi við mismunandi hópa haghafa eftir eðli verkefna.

- **ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN** er hluti átaksins *Brothættar byggðir* og stendur út árið 2019 og sinnir sérstakur verkefnastjóri verkefninu. Á árinu þarf að ákveða hvað tekur við í Öxarfjarðarhéraði þegar verkefninu Brothættum byggðum lýkur þar.
- **EIMUR**. Skoða verkefnið hjá Norðvesturlandi varðandi kolefnisjöfnun og fá Eim í það samtal.
- **DMP** er samstarfsverkefni Markaðsstofu Norðurlands, AÞ og Selaseturs Íslands um gerð áfangastaðaáætlunar á Norðurlandi. Verkefnið er hluti af heildarmarkmiði Ferðamálastofu um að áfangastaðaáætlanir séu til fyrir hvern landshluta í lok apríl 2019.
- **BIZMENTORS** – samstarfsverkefni með Norðurslóðanetinu og þremur öðrum Evrópulöndum sem felst í því að búa til aðstæður fyrir frumkvöðla til að komast í tengsl við reynda aðila á því sviði sem þarf. Þriggja ára verkefni og 30% vinna hjá einum starfsmanni.
- **NORÐURÞING OG AÞ** – starfsmaður á Raufarhöfn sem heldur áfram verkefnum í Raufarhöfn og framtíðin og er einnig að vinna í stjórnýsluverkefnum. Á árinu þarf að taka ákvörðun um framhald samstarfsins sem er tímabundið.
- **ÞINGEYSKA MATARBÚRIÐ**- Erum að vinna með matarbúrinu í að finna leiðir til að vinna að framþróun þingeysskrar matarhefðar og markaðsfærslu nýsköpunar á því sviði.

2.9. ÞJÓNUSTUVERKEFNI

Þessi þáttur starfseminnar tekur til skilgreindra verkefna sem félagið hefur tekið að sér, annað hvort með sérstökum samningum eða vegna eignatengsla.

Þau verkefni sem um er að ræða eru:

HÉRAÐSNEFND ÞINGEYINGA - skv. samstarfssamningi frá 2007. Skv. ákvörðun sveitarfélaganna hefur rekstrarformi héraðsnefndar verið breytt í byggðasamlag með það að markmiði að efla samstarf sveitarfélaganna. Fulltrúaráð er fjölmennara en áður var ásamt því að starfandi er sérstök framkvæmdastjórn skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna. Af þessum sökum hefur vinna við þennan þátt aukist frá því sem var..

SAMTÖK ATVINNUREKENDA Á NORÐAUSTURLANDI - Gert er ráð fyrir átaki í að efla samtökin á árinu.

AURORA OBSERVATORY (AO) skv. samkomulagi við stofnunina. Félagið hefur sinnt framkvæmdastjórn AO. Framkvæmdum við rannsóknarstöðina er að ljúka og búið er að gera tveggja ára rekstrarsamning milli stofnunarinnar og Heimskautastofnunar Kína um rekstur rannsóknarstöðvarinnar á Kárhóli.

UPPBÝGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS EYSTRÁ. skv. samkomulagi við Eyþing. - Hér er um að ræða **umsýslu og eftirfylgni** vegna verkefna sem njóta stuðnings uppbyggingarsjóðs.

3. STARFSMANNAHALD OG REKSTUR

Hjá stofnuninni starfa nú fimm starfsmenn, tveir í fullu starfi, einn í 60% starfi, einn verkefnisstjóri í byggðaeftirlingaverkefni í Öxarfirði og starfsmaður á Raufarhöfn í hálfu starfi fyrir AÞ og hálfu fyrir Norðurþing. Stefnt er að því að hýsa starfsmann Húsavíkurstofu á árinu.

Leiguhúsnæði félagsins að Garðarsbraut 5 á Húsavík er í samræmi við starfsmannafjölda og er gert ráð fyrir óbreyttri stöðu húsnæðismála þar á árinu. Vegna byggðaeftirlingaverkefnisins mun Norðurþing leggja félaginu til starfsaðstöðu á Kópaskeri. Það sama á við vegna nýs starfsmanns á Raufarhöfn. Til að ná fram markmiðum starfsáætlunar um fyrirtækjaheimsóknir, fundi með sveitarstjórnnum og almennt meiri sýnileika félagsins á hinu víðfeðma starfssvæði er gert ráð fyrir auknum ferðakostnaði, en starf verkefnisstjóra í byggðaeftirlingaverkefninu kallar einnig á verulega aukinn ferðakostnað innan svæðisins.

Áfram gert ráð fyrir jafnvægi í rekstri stofnunarinnar þar sem framlög sveitarfélaganna og ríkisins í gegnum Byggðastofnun setja henni þann grunn sem starfsemin byggist á. Auk þeirra verkefna sem um er samið í samningnum við Byggðastofnun og sinnt er fyrir sveitarfélögin á sviði atvinnu- og byggðapróunar, hefur stofnunin umsjón með samningsbundnum þróunarverkefnum og þjónustuverkefnum sem gerð hafa verið skil hér að framan. Haldið er sérstaklega utan um tekjur og gjöld vegna þessarra verkefna sem og tekjur og gjöld vegna þeirra verkefna sem falla undir samning félagsins við Byggðastofnun.

4. REKSTRARÁÆTLUN 2019

	Sameiginlegur rekstur	Kynning og kort	Sértæk verkefni	Rekstrar- verkefni	Áætlun 2019	Áætlun 2018
Framlög frá Byggðastofnun	16.364.640		10.506.000		26.870.640	25.768.821
Framlög frá sveitarfélögum	18.216.049		3.844.238		22.060.287	17.286.059
Þjónustutekjur rekstrarverkefna				3.640.000	3.640.000	8.320.000
Tekjur af vörusölu		300.000			300.000	200.000
Aðrar tekjur			3.500.000		3.500.000	0
Tekjur samtals	34.580.689	300.000	17.850.238	3.640.000	56.370.927	51.574.880
Laun og launatengd gjöld	43.939.737				43.939.737	39.844.777
Launafærslur á verkefni	-17.596.747	345.517	13.697.648	3.553.582	0	0
Bifreiðakostn. starfsm. & stjórnar	770.140		400.000	100.000	1.270.140	950.000
Starfsmannatryggingar	90.000		60.000		150.000	100.000
Bílaleigubílar	400.000		150.000		550.000	500.000
Námskeið og annar starfsmannak.	400.000		300.000		700.000	400.000
Húsaleiga	2.472.000				2.472.000	2.400.000
Ræsting húsnæðis	420.000				420.000	420.000
Kaffistofa	75.000		50.000		125.000	125.000
Sími	379.200		144.000		523.200	518.000
Burðargjöld	25.000				25.000	25.000
Bækur, blöð og tímarit	50.000				50.000	50.000
Pappír, prentun og ritföng	150.000				150.000	150.000
Rekstur tölvukerfis	810.000		100.000		910.000	800.000
Bókhald og launavinnsla	1.140.000				1.140.000	1.080.000
Endurskoðun	700.000				700.000	650.000
Sérfræðiþjónusta						1.488.000
Ferðakostnaður	400.000		200.000		600.000	500.000
Félags- og aðildargjöld	20.000				20.000	20.000
Fundakostnaður	150.000		50.000		200.000	250.000
Auglýsingar	75.000		50.000		125.000	125.000
Ábyrgðar- og lausafjártryggingar	50.000		25.000		75.000	50.000
Gjaldfærð áhöld og tæki	400.000		50.000		450.000	400.000
Aðstöðukostnaður á verkefni	-670.800	31.200	390.000	249.600	0	0
Ýmis kostnaður	25.000				25.000	25.000
Birgðabreytingar	0					0
Afskrift & niðurfærsla viðsk.krafna	10.000				10.000	10.000
Afskriftir	100.000				100.000	100.000
Rekstrargjöld samtals	34.783.529	376.717	15.666.648	3.903.182	54.730.077	50.980.777
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði	-202.840	-76.717	2.183.589	-263.182	1.640.851	594.103
Vaxtatekjur	600.000				600.000	600.000
Vaxtagjöld og bankakostnaður	-35.000				-35.000	-35.000
Fjármagnsliðir samtals	565.000				565.000	565.000
Rekstrarniðurstaða tímabilsins	362.160	-76.717	2.183.589	-263.182	2.205.851	1.159.103